



UNGMENNASAMBAND
KJALARNESPINGS

52. Sambandsþing

1974

ÞINGGERÐ

--- 52. þing U.M.S.K. ---

52. sambandsþing Ungmennasambands Kjalarneßings var haldið í Félagsheimili Kópavogs, hinn 16. nóvember 1974 af Handknattleiksfélagi Kópavogs.

Þingið var sett kl. 10.20 f.h. en ráðgert var að þingið hæfist kl. 18.00, en það var ekki hægt vegna óstundvísí þingfulltrúanna.

Formaður Sambandsins, Ólafur Oddsson setti þingið með stuttu ávarpi og bauð fulltrúana velkomna til þingsins.

Gestir þingsins voru:

Gunnlaugur Briem	I.S.I.
Hafsteinn Þorvaldsson	formaður U.M.F.I.
Þorsteinn Einarsson	Iþróttatímabundnaráðs ríkisins
Pétur Einarsson	formaður Tómstundaráðs Kópavogs
Jón Guðjónsson	formaður H.V.I.
Guðmundur Guðmundsson	formaður F.F.U.

Kosning kjörbréfanefndar:

Þessir menn voru kosnir:
Páll Áðalsteinnson
Þorvarður Áki Eirksson
Össur Torfason

Avörp gesta.

Gunnlaugur Briem I.S.I., flutti kveðju stjórnar I.S.I. ofl. Hann ræddi meðal annars um stærð U.M.S.K. og gat þess að slæmt væri fyrir Sambandið að vera í nálægð Reykjavíkur. Hann myntist á grunnskóla I.S.I. í félagsmálum og þann möguleika að gera félagsmál að valgrein í skólam. Gunnlaugur sagði frá Trimmherferðinni og gat í því sambandum Friskokk og iþróttir fyrir fatlaða.

Hafsteinn Þorvaldsson form. U.M.F.I., flutti kveðju stjórnar U.M.F.I. Hann ræddi um tilvonandi Landsmót U.M.F.I. á Akranesi næsta sumar og sagði meðal annars að þar yrði meira um höpsýningar, fimmleika og kynntar yrðu nýjar iþróttagreinar ofl.

Gerpla, frjálsiþróttafólk og sundfólk H.S.K. og frjáls-íþróttafólk H.S.H. fór út á vegum U.M.F.I. Hann bakkaði U.M.S.K. fyrir góðan stuðning og sagði að ungt fólk væri mikið ríkjandi í störfum U.M.S.K. og að það byrfti að efla annan þátt félagsmálafræðslunnar. Hann talaði um húsnæðismál U.M.F.I. og gat þess meðal annars að þeim stæði til boða húsnæði að Kirkjustræti 10. Einnig ræddi hann um fjármálin, þjónustumiðstöð samtakanna, sambandið og skiptingu sambandanna.

Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins. Staddur á Landsmótí U.M.F.I. í Haukadal, þar sem U.M.S.K. átti mjög sterkt lið. Breidd U.M.S.K. þar sem stóri kaupstaðir og litlir hreppar væru innan Sambandsins. Og oft hefði verið rætt um að skipta Sambandinu, en væri ekki tímabært enn, þar sem litlu félögin væru þá í hættu með að einangrast. Að Jokum Þóskoði hann U.M.S.K. góðs gengis á næsta Landsmótí og í framtíðinni.

Álit kjörbréfanefndar, Kynning.

Handknattleiksfélag Kópavogs:

Þorvarður Áki Eiríksson formaður
Albert H.N. Valdimarsson
Gissur Kristinsson
Lárus Ásgeirsson
Július Arnarsson U.M.S.K.
Hinrik Gylfason
Magnús Gíslason

Ungmennafélag Kjálnesinga.

Stefán Tryggvason formaður
Grétar Tryggvason U.M.S.K.

Ungmennafélagið Breiðablik.

Hafsteinn Jóhannesson
Guðni Stefánsson
Valdimar Valdimarsson
Valdimar Kr. Valdimarsson
Sigurður Geirdal
Þórður Guðmundsson U.M.S.K.
Pétur Eysteinsson
Sigurjón Randversson
Þórir Hallgrímsson formaður

Ungmennafélagið Drengur.

Guðný G. Ívarsdóttir formaður
Ágústa Gísladóttir
Haraldur Jónsson
Ólafur Oddsson U.M.S.K.

Ungmennafélagið Afturelding.

Páll Aðalsteinsson formaður U.M.S.K.
Georg Magnússon
Hafsteinn Pálsson
Bjarni Bjarnason
Steinunn Guðmundsdóttir
Aðalsteinn Pálsson
Jón Eliasson
Daði Einarsson

Iþróttafélagið Gróttá.

Magnús Margeirsson
Páll E. Kristinsson

Siglingafélagið Ýmrir.

Engim mættur.

Iþróttafélagið Gerpla.

Össur Torfason formaður
Una Ragnarsdóttir
Sólveig Sveina Sveinbjörnsd. U.M.S.K.
Helga Jörgensen
Þórhanna Guðmundsdóttir
Anna Hjaltadóttir

Ungmennafélag Bessastaðahrepps.

Steingrímur Hildimundarson
Sigríður Magnúsdóttir
Kristján Sveinbjörnsson

Ungmennafélagið Stjarnan.

Ingvi Guðmundsson formaður, U.M.S.K.
Þórarinn Sigurðsson
Erlingur Þorsteinsson
Sigurður Þorsteinsson
Guðmundur Ingvason
Guðmundur Pétursson

Kosning 1. og 2. þingforseta og þingritara.

1. þingforseti var kjörinn:
Sigurður Geirdal.
 2. þingforseti var kjörinn:
Ingvi Guðmundsson
- Þingritarar voru kjörnir:
Agústa Gísladóttir og
Sigríður Magnúsdóttir

Þessar kosningar voru einróma samþykktar.

Kosning kjörnefndar:

Þessir menn voru einróma kosnir í kjörnefnd:

Steingrímur Hildimundarson
Ingvi Guðmundsson
Guðni Stefánsson
Þorvarður Áki Eiríksson
Þórhanna Guðmundsdóttir
Páll Aðalsteinsson
Guðný G. Ívarsdóttir
Grétar Tryggvason
Magnús Margeirsson

Skýrsla stjórnar og reikningar.

Framkvæmdastjórin Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir, skýrði frá verkaskiptingu stjórnar og fjármalunum, enfremur gat hún um mótin sem áttu sér stað á árinu.

Ólafur Oddsson formaður ræddi um starf framkvæmdastjóra og aukin samskipti sveitafélaganna og félagsmálafræðsluna.

Páll Aðalsteinsson, talaði um framkvæmdanefndina, landgræðsluna og viðavangshlaup. Fram kom að framkvæmdanefndin hefði komið að góðum notum, undiðbúið fundi, skrifað bréf ofl. Viðavangshlaupin voru misjafnlega vel sótt og kom fram galli í reglugerð um hlaupin, það er það vantaði stúlknaflókk. Við landgræðsluna vann Ungmennafélagið Afturelding og var sáð í vegkanta þar í sveit og borið á í Bolabás.

Ingvi Guðmundsson fjallaði um knattspyrnumót U.M.S.K. 1974, og sagði hann meðal annars að utanhússknattspyrnumótið hefði ekki klárást á réttum tíma. U.M.S.K. liðið tók þátt í undankeppni fyrir landsmótið og komst í úrslit.

Bórdur Guðmundsson, ræddi um frjálsar íþróttir. Hann gat þess að frjálsar íþróttir ættu við mikinn vanda að etja þar er aðstöðuleysi. Æfingar þyrfti að miklu leyti að sækja til Reykjavíkur og þess vegna leitar fólk í félögini þar. Það kom fram hjá Bórdi að endurnýjun í frjálsum íþróttum væri of lítil á síðasta ári. Féll Fannars mótið niður og reyndar fleiri, því miður, vegna ýmissa erfileika. Valur Fannar leggur til að fyrirkomulaginu verði breytt á Fannarsmótinu.

Grétar Tryggvason, sagði frá blaðaútgáfunni, sagði hann að skiptar skoðanir væru um blaðaútgáfuna, en samþykkt hefði verið á síðasta þingi, að gefa út fréttablöð, sem kynningarstarfsemi fyrir Sambandið og aðildar félög þess. Grétar gat þess einnig að dreifing blaðanna gengi illa.

Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir las upp reikninga Sambandsins.

Umraður um skýrslu og reikninga.

Una Ragnarsdóttir tók fyrst til máls, og var hún ánægð með skýrsluna, en sagði að fimleikana vantaði í hana, kom hún með fyrirspurn um þjoðhátiðarnefnd.

Ingvi Guðmundsson, svaraði því að sveitafélögin hefðu haldið þjoðhátiðir sjálf og hefðu ekki óskað eftir samstarfi við U.M.S.K.

Ólafur Oddsson, svaraði að fimleikarnir hefðu einfaldlega gleymst og baðst afsökunar á því.

Páll Aðalsteinsson, mynntist á að sundið hefði vantað í skýrsluna, ástæðan er að ekkert sundmót hefði verið haldið.

Utan dagskrár.

Þorvarður Áki Eiríksson bakkaði gestum þingsins fyrir komuna og afhenti þeim fána Handknattleksfélags Kópavogs til minningar um þingið.

Því næst var þingfulltrúum raðað niður í umræðuhópa af kjörnefnd. Verkefni umræðuhópanna var að fjalla um skýrsluna og reikninga ríma.

Umræðuhópar:

1. Georg Magnússon
Össur Þorðason
Þórhanna Guðmundsdóttir
Daði Einarsson
Þórarinn Sigurðsson
Steingrímur Hildimundarson
2. Stefán Tryggvason
Páll E. Kristinsson
Þórður Guðmundsson
Steinunn Guðmundsdóttir
Páll Aðalsteinsson
Kristján Sveinbjörnsson
3. Guðny G. Ívarsdóttir
Magnús Margeirsson
Sigurjón Randversson
Aðalsteinn Pálsson
Hafsteinn Pálsson
Guðmundur Ingvason
4. Haraldur Jónsson
Erlingur Þorsteinsson
Guðni Stefánsson
Albert H.N. Valdimarsson
Bjarni Bjarnason
5. Una Ragnarsdóttir
Sigurður Þorsteinsson
Valdimar Valdimarsson
Magnús Gíslason
Hinrik Gylfason
6. Guðmundur Pétursson
Hafsteinn Jóhannesson
Lárus Ásgærðsson
Gissur Kristinsson
7. Anna Hjaltadóttir
Helga Jörgensen
Jón Eliasson
Július Arnarsson
Þorvarður Áki Eiríksson

Niðurstöður umræðuhópa og reikningar bornir upp.

Hópur 1 Grétar Tryggvason framsögumaður.

Hópurinn ræddi um skipan og stjórnun Sambandsins, sem tekin hafði verið upp og fannst þeim hún mjög jákvæð, og sögðu að framkvæmdaneftndin gerði störfin auðveldari og töldu rétt að þessi skipan héldi áfram. Þeir töldu að mæting á stjórnarfundi hefði verið léleg og fannst þeim æskilegt að hafa fleiri fundi ef eitthvað stæði til. Hvöttu þeir formenn til að mæta á formannafundi. Ræddu þeir um framkvæmdastjórn og að hann hefði aðeins fengið eitt frið á árinu og ætti að ráða bæt á því. Töldu þeir þá nýbreytni, að senda fundargerðir til stjórnarmannamjög jákvæðar svo framalega sem þeir lesi þær. Töldu þeir mjög jákvætt að stjórnarmenn færu á fundi félaga. Töldu þeir að leggja ætti áherzlu á vinnuskólann, og fannst þeim hörmulegt að æfingarþúðirnar skyldu falla niður. Í sambandi við landgræðsluna höfðu menn komið með tillögu um að reýsa minnismerki á Þingvöllum, um það starf sem við höfum unnið þar og kom hann þar með tillögunni á framfæri. Fannst þeim vanta í skýrsluna fimleika, judo, sund, glímu og blak en það hafði verið stundað smávegis. Komið hafði frá einum fundarmanni að honum fyndist handknattleiksmótin ekki nógu góð og að það vantaði ábyrgan mann til starfa, einnig kenndi hann húsnæðisleysi mikið um. Fyrirspurn hafði komið fram, hvort íþróttadómstóllinn hefði verið fullskipaður er hann dæmdi í málunum, sem hann fékk.

Hópur 2 Stefán Tryggvason framsögumaður.

Stefán minntist að fundir með varastjórninni og formannafundir væru ekki nægilega vel sóttir og mætti ráða bót á því. Fram kom að hópurinn áleit að það væri fyrst og fremst sök félaganna að stjórnarheimsóknir hefðu ekki tekist sem skyldi, til dæmis væri ekki látið vita af fundum os. frv. Hópurinn taldi að liður í skýrslunni sem nefndist, „Oft rætt en aldrei orðið, mætti missa sín en hinsvegar væri þarna um þarfítt mál að ræða. Félagsmálafræðsluna mætti auka og væri mjög jákvæður þáttur í starfi U.M.S.K. Almenn ánæja -ar í hópnum með blaðauftgáfuna og halda mætti áfram á sömu braut, en félögin mættu standa betur í skilum með efni í blöðin. Í sambandi við landgræðsluna gleymdist einn þáttur en þar var sáning í vegkanta á Þingvöllum. Hópurinn var sammála um að dansleikir væru ekki starfsgrundvöllur enda neyðarúrræði þegar allt væri að fara á hausinn.

Hópur 3 Hafsteinn Pálsson framsögumaður.

Ræddu um stofnun framkvæmdarnefndar og fannst það mjög þarflegt verk, því á þann hátt fíkst fámenn og góð afgreiðslustofnun sem getur afgreitt málín fljótt. Þeir bentu á gildi fundar með varamönnum, töldu að þetta væru eflaust góðar samkomur ef að mættu einhverjir og sama álitu þeir um formannafundi. Þeim fannst mjög æskilegt að skrifstofa U.M.S.K. flyttu með þegar U.M.F.I. flytti í annað húsnæði. Töldu þeir

þjög jákvætt að framkvæmdarstjóri og gjaldkeri væri sami maðurinn, en Ingvi benti á að gjaldkeri yrði að muna eftir að borga sjálfum sér laun, sem framkvæmdarstjóra. Þjög æskilegt fannst þeim að fundargerðir væru sendar til stjórnar-manna, því þá fengju þeir tækifæri til að fylgjast með starfinu sem ella færi framhjá þeim. Um blaðaútgáfuna fannst þeim þetta góð nýjung með kynningarritin, og töldu mjög brýnt að blöðin sem áttu að koma út á þessu ári kæmu út, svo hægt væri að byrja á byrjunni næsta ár, eðg láta þetta verða örlegan þátt í starfi og leggja áherslu á að blaðið væri boríð út. Landgræðslan, töldu þeir þetta mjög góða ráð-stöfun á fræi og dreyfingu og töldu æskilegt að dreyfing yrði á sambandssvæðinu framvegis. Töldu þeir framfarir í fjármálum. Töldu þeir styrki ekki nógu mikla, þeir töldu böllin takast vel og færðu þakkir til Drengs og Sveinu. Íþróttadóm-stóllinn stóð sig vel og töldu að sömu menn ættu að sitja þar. Óskuður sambandinu til hamingju með skákina. Þeim fannst eitt vanta, að það hefur fallið niður að velja íþróttamann ársins og félagsmálamann ársins og fannst þeim rétt að halda áfram að velja þá.

Hópur 4 Albert Valdimarsson framsögumaður.

Hópurinn leggur til að Blakmót verið haldið 1975 og tekið er fram að ekkert stendur um blak í skýrslunni. Aðildarfélög U.M.S.K. þyrftu að kynnast starfsemi hvers annars betur. Það er ekki nóg að stjórnarmenn heimsæki félögin. Vel væri til fallið að koma á almennum kynningararkvöldum innan U.M.S.K. Hópurinn óskaði eindregið eftir betri skipulagningu á dreifingu U.M.S.K. blaðið. Hópurinn fagnar því að sambandið sinni nú landgræðslustörfum á sínu sambandssvæði, því næg verkefni eru þar fyrir hendi. Óþarfi að leita langt yfir skammt, á meðan starfsemin er ekki umfangsmeiri en þetta. Hópurinn spurði nokkrar spurningar. 1. Hverni var staðið að framkvæmd B-móts í frjálsumíþróttum? 2. Er A-mótið týnt? 3. Hverning er með bridge starfsemi í U.M.S.K. Lagði hópurinn áherslu á að nauðsynlegt er að hluta skýrsluna niður til starfshópanna.

Hópur 5 Una Ragnarsdóttir framsögumaður.

Hún kom með nokkrar spurningar. 1. Hver er orsök þess að endurskoðandi skrifar ekki undir reikningin, að það hefði bara einn skrifafé undir enn þeir áttu að vera tveir? 2. Í skýrslunni stendur að 290.þúsund, hafi komið inn af dansleikjunum en í reikningunum stendur 200.þúsund og vantar þar 90.þúsund upp á. 3. Á skrifstofu U.M.S.K. er forláta stólli sem er ekki metin á nema 700.kr, af hverju er hann ekki metin á meira? 4. Fyrir hvað er þessi aksturkostnaður? Hún vildi benda á að aðeins tvö félög hafa sent inn félagskýrslu um félagatal. Hún spurði enfremur um hvort félögin vissu um starfsaðstöðu sem þau hafa niðri á U.M.S.K. skrifstofu.

Hópur 6 Lárus Ásgeirsson framsögumaður.

Hépurinn taldi það mjög jákvætt að gefin skyldi upp í skýrslu mæting stjórnarmanna, taldi að þetta skapaði aðhald. Stofnun framkvæmdarnefndar mjög jákvæð. Grundvöllur væri fyrir því að halda fleiri fundi með varastjórn, reynt yrði að nota hana eitthvað. Hépurinn berti á lélega mætingu á formannafund, en nauðsynlegt væri að halda svona fundi þegar mikilvæg mál kæmu upp. Kynna þyrfti betur aðstöðuna á skrifstofunni. Hépurinn vildi frekar kenna stjórninni en félögunum um misbrest á heimsóknum á fundi í félögunum. Í sambandi við félagsmálafræðsluna þá sé einkennilegt hvað þáttakan hefði verið lítil í Kópaþogi. Lítil áhugi hjá félögunum að dreifa blöðunum. Borin var fyrirspurn fram um húsnæðismál unglingsabúðanna að Varmá. Lögg var áherzla á mikilvægi þeirra. Halda þyrfti héraðsmót í frjálsum íþróttum. Breyta þyrfti fyrirkomulaginu á handknattleiksmótunum og veita veglegri verðlaun í flokka-íþróttunum. Knattspyrnumótin hefðu tekist með skárra móti.

Hópur 7 Július Arnarsson framsögumaður.

Tillaga kom upp að judo yrði kynnt á næsta Landsmóti. Auka sambönd á milli félaga til að kynna íþróttir og að það þyrfti að kynna íþróttirnar betur og fá fólk til að stunda þær. Töldu þau að félagsmálastóli U.M.F.I. væri til fyrirmyndar og hefði komið mikið til móts í sambandi við kynningu og getu til að tjá sig á fundum, en þau vildu leggja áherslu á að fara neðar í aldurshópana með félagsmálafræðsluna. Badmintonmótið fór vel fram að þeirradáli en þáttakan var lítil og var alltof lítil undirbúningur. Ánægja var með reikningana og töldu að þeir hefður lagast mikið, en skýrslun höfðu þau séð glásilegri. Vildu þau kenna fjármálunum um að ekki hefði verið unnið meira. Enfremur fannst þeim að minnispeningarnir ættu ekki að vera grafnir ofan í skúffu, heldur dreifa þeim á milli félagana og auglýsa þá betur til dæmis í blöðunum. Að lokum vildu þau leggja áherslu að samvinna á milli félaga mætti vera meiri og setja meiri svip á starfið.

Andsvör.

Sveina Sveinbjörnsdóttir, aagði að kannski hefði mátt auglýsa B-mótið betur en hún hefði auglýst mótið eftir fremsta megni. Hún sagði að erfitt væri að koma mótunum fyrir á árinu vegna fjölda þeirra og það yrði einhver að vera útundan. Í sambandi við fyrirspurn í sambandi við endurskoðendur, þá ságði hún að reikningarnir hefðu verið seinna tilbúnir en ætlað var og þess vegna ekki gefist tími til að láta þá báða skrifa undir. Reikningunum var lokað 30. sept. og eftir það voru haldin tvö böll, þannig að gróðin af þeim kemur ekki fram fyrr en á næsta ári. Húsnæðisvandræði válda því að ekki er hægt að auglýsa mótin með meiri fyrirvara og Sveina kvaðst reiðubúin að draga minnispeningana upp úr skúffunni hjá sér og væri hún meira að segja með nokkra með sér. Hins vegar væri stansinn ekki komin á Þjóðminjasafnið, þannig að mikinn skurk er ekki hægt að gera í sölunni.

Ólafur Oddsson, þakkaði hópunum fyrir gott starf og kvaðst vonast til að unnið yrði raunhæft um tillögur sem væntahlega urðu ræddar í nefndum á eftir. Ólafur gat þess að þratt fyrir að verðlaunaveitingar hefður fallið niður frá hendi stjóraar, þá hefði hún veitt flokkum úr Breiðablik viðurkenningu fyrir frábæran árangur. Hann tók einnig fram að íþróttadómstóllim hefði verið fullskipaður þegar dæmt var. Hann sagði menn hefður lýst ánægju sinni yfir heimsóknum og hafi bent á og viljað undirstrika þá afstöðu sem félögin gætu fengið á U.M.S.K. skrifstofunni, en þetta væru mál sem væri búið að auglýsa á hverjum sambandsþingi og oftar á aðalfundum félaganna, bent var á að kalla saman varamennina eftir að framkvæmdarnefndin kom saman, en hugsað hafði verið að varamennirnir störfuðu sem skuggar stjórnarinnar, en það gekk ekki betur en þetta. Heimsóknir, það var bent á að það væri nú auðvellt að hrингja til formannanna og spurja hvenær þeir væru með fundi og svo framvegis. Það var sent út bréf en ekki nokkur maður meldaði sig við framkvæmdarstjórand. Blaðið, félögin hafa brugðist með dreyfingu en vanandi verður hægt að laga það. Vegna ungmenna- og æfingabúðar fyrir-spurnar, ságði hann að húsnæðið hefði ekki fengist, en það kom út af því að húsnæðið var kennaraíbúð og það var ekki hægt að útvega kennaranum annað húsnæði. Um að engin met væru í mótaskránni, en nafnið hefði bara komið út af því að það eigi bara að heita Meta og mótaskrá. Var hann alveg sammála því að færa félagsmálafræðsluna niður. Hann vildi undirstrika að nefndirnar tæki raunhæft á málunum og kæmu með tillögur til úrbóta.

Kjörnefnd skilar álti um þingnefndir.

Grétar Tryggvason framsögumaður.

Iþróttanefnd.

Hafsteinn Pálsson
Una Ragnarsdóttir
Guðny G. Ívarsdóttir
Steingrímur Hildimundarson
Stefán Tryggvason
Magnús Margeirsson
Valdimar Kr. Valdimarsson
Július Arnarsson
Bjarni Bjarnason
Þórður Guðmundsson
Magnús Gíslason
Guðmundur Ingvason

Alsherjarnefnd.

Lárus Ásgeirsson
Steinunn Guðmundsdóttir
Helga Jörgensen
Þorvarður Áki Eiríksson
Albert Valdimarsson
Daði Einarsson

Erlingur Þorsteinsson
Sigurður Geirdal
Hafsteinn Jóhannesson
Þórir Hallgrímsson
Hinrik Gylfason

Félagsmálaneftnd.

Guðni Stefánsson
Ólafur Oddsson
Grétar Tryggvason
Georg Magnússon
Aðalsteinn Pálsson
Sigurður Þorsteinsson
Gissur Kristinsson
Páll Kristinsson
Þórarinn Sigurðsson
Sigurjón Randversson

Fjárhagsnefnd.

Haraldur Jónsson
Sveina Sveinbjörnsdóttir
Þórhanna Guðmundsdóttir
Kristján Sveinbjörnsson
Jón Eliasson
Guðmundur Pétursson
Valdimar Valdimarsson
Pétur Eysteinsson

Páll Aðalsteinsson beindi þeim orðum til íþróttanefndar að hún hugsaði um undirbúning fyrir Landsmótið og vildi skjóta því til fjárhagsnefndar að hún hugsaði að það kostaði dálitið að vera þáttakandi á landsmóti.

Mál lögð fyrir þingið.

Ingvi Guðmundsson 2. þingforseti las upp nokkrar tillögur sem lagðar höfðu verið fyrir þingið og vísaði þeim til nefnda.

Nefndarstörf.

Kaffi.

Nefndir skila áli.

Iþróttanefnd framsögumaður Hafsteinn Pálsson.
Hann las upp tillögurnar og lagði þær fram til afgreiðslu.

Fjárhagsnefnd framsögumaður Pétur Eysteinsson.
Lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, hann gat þess að að fjárhagsnefnd vildi eindregið hafa framkvæmdarstjóra í fullu starfi áfram til dæmis vegna Landsmóts á komandi sumri. Fjárhagsnefnd hvarf frá því að semja fjárhagsáætlun

fyrir þáttöku í landsmótinu og ákvað að eftirláta það landsmótsnefnd. Þeir bentu á tvær fjárfunarleiðir í því sambandi, gefa út dýra hæppadrættismiða í litlu upplagi. Gefa út styrktar miða fyrir U.M.S.K. svo sem „áfram U.M.S.K." os.frv. Las hann síðan upp tillögur nefndarinnar.

Alsherjarnefnd framsögumaður Lárus Ásgeirsson.
Lagði hann fram tillögur hennar og lagði hann til að tillögurnar yrðu samþykktar.

Félagsmálanefnd framsögumaður Grétar Tryggvason.
Gat hann þess að engar tillögur hefðu legið fyrir, en þau hefðu samið nokkuð og ræddi hann þær nokkuð.

Síðan bar fundarstjóri tillögurnar undir atkvæði, en gaf fundarmönnum tækifæri á að ræða þær jafnóðum.

Iþróttanefnd.

1. tillaga.

Tillaga fra íþróttanefnd um kosningu landsmótsnefndar sem skipuð verði fjórum mönnum. Pálma Gíslasyni, Unu Ragnarsdóttur, Stefáni Tryggvasyni og Þórði Guðmundssyni. Til vara. Ingvi Guðmundsson og Sigurður Skarphéðinsson.

Fyrirspurn kom frá Páli Aðalsteinssyni um fjölda nefndarmenna, enginnoddamaður.

Ólafur Oddsson sagði að 5 manns væri of margt 6 allt of margt 3 of lítið, 4 passlegt.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Erindisbréf fyrir landsmótsnefnd.

1. Nefndin skal vinna að alhliða undirbúningi fyrir landsmót 1975.

2. Nefndin skal beita sér fyrir, að komið verði á skipulegum æfingum í öllum landsmótsgreinum og hafi eftirlit með þeim.

3. Nefndin skal skipuleggja ferð á landsmót og dvöl þar.

4. Nefndin skal athuga með fjárfun vegna þáttöku í landsmóti.

5. Nefndin skal vera órög að kalla til samstarfsmenn.

Samþykkt.

2. tillaga.

Reglugerð fyrir skólahlaup Ungmennasambands Kjalarnebinga.

1. Keppnin heitir "Skólahlaup U.M.S.K." og fer fram ár hvert í október.

2. Skólarnir velja sína keppendur á sérstöku úrtökumóti eða á annanhátt, sem henta þykir.

3. Keppnin er jafnt fyrir drengi sem stúlkur og stig eru reiknuð út sérstaklega fyrir hvort kyn.

4. Hver skóli má senda 8 þátttakendur í hverjum flokki. Stig reiknast af 5 fyrstu í hverri sveit og mynda þeir 3-ja og 5manna sveitir. Stig eru reiknuð þannig, að 1. maður í mark fær 1 stig 2. maður fær 2 stig o.s.fr. Sú sveit sem fær fæst stig sigrar.

5. 6 fyrstu einstaklingarnir í hverjum flokki fá verðlaunskjöl. Þá fá þeir skólar, sem sigra í 3-ja eða 5 manna sveitum sérstök verðlaun.

6. Flokkaskipting og vegalengdir:

1. flokkur	4. bekkur	(10 ára og yngri)	800-1000m
2.	" 5-6	(11 og 12 ára)	1000-1200m
3.	" 7-8	(13 og 14 ára)	1200-1500m
4.	" 9-10	(15 og 16 ára)	1500-2000m

Ath. Stúlkur í 9 og 10 ára bekk hlaupa sömu vegalengd og 3. ji flokkur.

7. Skólarnir sjá um að koma þátttakendum á og af keppnisstað og bera að öllu leyti ábyrgð á þeim.

8. Æskilegt er, að hver skóli sendi 2 starfsmenn til aðstoðar við keppnina.

9. Íþróttakennarar eða liðstjórar hafi tilbúna keppendaskrá á keppnisstað til að auðvelda framkvæmd keppninnar.

10. Stjórn U.M.S.K. felur sambandsfélögunum að sjá um framkvæmd keppninnar til skiptis

Gert eftir bestu vitund.
Þórður Guðmundsson
Július Arnarsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. tillaga.

Reglugerð fyrir meistaramót U.M.S.K. í blaki.

1. Mótið heitir Blakmeistaramót U.M.S.K. Það skal halda í oktober-nóvember ár hvert.

2. Öllum félögum innan U.M.S.K. er heimilt að senda eitt lið til mótsins í hverjum aldursflokk karla og kvenna.

3. Keppni skal fara fram í flokki ef tvö lið eða fleiri félög tilkynna þátttöku.

4. Í hverjum aldursflokk karla og kvenna, sem keppni fer fram í, skal keppt um farandgrip. Auk þess skal afhenda öllum meisturum U.M.S.K. viðurkenningarskjál að móti loknu.

5. Reglugerð BLÍ um blakmót skal liggja til grundvallar keppnisfyrirkomulags hverju sinni.

6. Stjórn U.M.S.K. (blakráð-herra U.M.S.K.) hefur yfirumsjón með mótinu.

7. Stjórn U.M.S.K. (blakráðherra U.M.S.K.) getur falið félagi eða félögum innan U.M.S.K. að sjá um framkvæmd mótsins.

Kópavogi 27, okt. 1974
f.h. blakdeildar H.K.
Albert H.N. Valdimarsson.

Breyting á nafni mótsins kom fram . Blakmeistaramóti U.M.S.K. verði breytt í Héraðsmót U.M.S.K. í blaki.

Samþykkt.

4. tillaga.

52. Sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að ákveðin reglugerð liggi fyrir um hvert mótt áður en það er haldið. Nota skal reglur viðkomandi sérsambanda ef þær eru fyrir hendi. Ráðherra viðkomandi greinar skal sjá um að svo sé. Reglugerðir þessar skal leggja fyrir næsta sambandsþing.

Fram kom í umræðum um tillöguna að ráðgert er að setja reglugerðirnar til reynslu áður en þær væru bornar fram á sambandsþingi og ráðherra viðkomandi greinar setji þessar reglur áður en mótt fara fram á næsta ári.

Þorvarður Áki Eiríksson benti á að svona reglugerð væri til um handboltan.

Samþykkt.

5. tillaga.

52 sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að stjórn U.M.S.K. beiti sér fyrir að stofaað verði dómrafélag á sambands- svæði U.M.S.K. í handknattleik og knattspyrnu.

Fram kom í umræðum um tillöguna frá Ingva Guðmundssyni að starfandi væri handknattleiksdómrafélag á svæðinu, en það næði viðar en yfir okkar svæði eitt, það næði suður á Reykjanes. Allt sambandssvæðið væri aðili að þessu dómrafélagi, en honumfannst mjög þarf að stofaa dómrafélag í knattspyrnu.

Þórður Guðmundsson útskýrði titillega hvernig þetta hefði verði hugsað og segði hann að effitt hefði verið að fá dómara, að þetta myndi auðvelda það mikið.

Tillagan samþykkt 18 með og 5 á móti.

6. tillaga.

52. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að haldin skuli héraðsmót í frjálsum íþróttum árlega

Samþykkt samhljóða.

7. tillaga.

52. sambandsþing U.M.S.K. skorar á K.S.Í. að haldin verði fleiri námskeið fyrir knattspyrnuþjálfara.

Var tillöggunni vísað til stjórnar.

.8. tillaga.

52. sambandsþing U.M.S.K. leggur til að haldin verði héraðsmót í fimleikum árlega.

Samþykkt.

Fjárhagsnefnd.
1. tillaga.

Tekjur...

Styrkir	700.000.-
Skattar félaganna	70.000.-
Kennslustyrkir	40.000.-
Minnispengur	200.000.-
Dansleikir	90.000.-
Tekjuafgangur f.f. ári 175,000.-	
Getraunir 73 og 74.	100.000.-
Ymsar tekjur	1.375.000.-
	90.000.-
	<u>1.465.000.-</u>

Gjöld...

Laun	840.000.-
Akstur	160.000.-
Sími	25.000.-
Húsaleiga	60.000.-
Annar kostnaður	100.000.-
	1.185.000.-
Iþróttir	100.000.-
Ýmiss kostnaður	50.000.-
Skattar til I.S.F. og U.M.F.I.	30.000.-
Varmá	100.000.-
	<u>280.000.-</u>
	<u>1.465.000.-</u>

Samþykkt.

2. tillaga.

52 sambandsþing U.M.S.K. bakkar veittan fjárstuðning frá sjóðum hreppa og bæjarfélaga, Kjósarsýslu auk ÍSÍ og U.M.F.I á síðasta starfsári.

Samþykkt

3. tillaga.

52. ársþing U.M.S.K. samþykkir að lagður verði 100.- kr. skattur á hvern skattskyldan félaga innan U.M.S.K. sem renni í landsmótssjóð.

I umræðum um tillöguna var spurt hvort það væru allir félagar innan U.M.S.K. sem ættu að borga, eða tekið var fram að aðeins er átt við félaga 16 ára og eldri. Ingvi Guðmundsson sagði að venja væri, þegar landsmót væri haldið, að leggja skatt á félögin en það væri síðan þeirra mál hvernig þau innheimtu hann. Sagði hann að þetta tillag félaganna væri aðeins brot af fjárbörf U.M.S.K. í þessu sambandi og væri það sjálf-sögð skylda félaganna að rétta þar hjálparhönd.

Sigurður Geirdal þingforseti upplýsti að það væri venja héraðssambandanna að leggja svona aukaskatt á þegar landsmót væri haldið.

Samþykkt með 23 gegn 4.

Alsherjarnefnd:

1. tillaga.

52. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn að kjósa með sér 3ja manna nefnd til að endurskoða starfsár sambandsins og skili nefndin álíti fyrir næsta sambandsþing.

Ólafur Oddsson

Samþykkt samhljóða.

2. tillaga.

Um að U.M.S.K. hjálpi til með tækjakaup, sérstaklega um niðurfellingu á tollum.

Una Ragnarsdóttir

Sigurður Geirdal sagði að þessi tillaga væri þörf ábending og tók Ingvi Guðmundsson undir það.

Samþykkt.

Félagsmálanefnd:

1. tillaga.

52. sambandsþing U.M.S.K. fagnar þeim árangri sem náðst hefur í félagsmálastíð U.M.F.I. og skorar á stjórn U.M.S.K. að fylgja fræðslunni eftir og athuga möguleika á aukinni leiðbeinenda fræðslu.

Stefán Tryggvason sagði að þessi mál væru í þróun og það vantaði fleiri menn til að vinna í námsefninu því að það væri mjög óljóst ennþá. Bending til þeirra sem hyggjast vinna að þessum málum að koma með úrbætur.

Ólafur Oddsson tók undir orð Stefáns, en hann vill að þessi tillaga nái fram að ganga til þess að stjórnin fái áskorun frá þinginu og að þá verkar þetta sem auglýsing út á við og stjórnin standi á fastari fótum við afgreiðslu þessara málum.

Samþykkt samhljóða.

2. tillaga.

52. þing U.M.S.K. felur næstu stjórn sambandsins að ganga frá samningum um Fossá og koma á ungmannabúðum í formi vinnuskála og tryggja rekstarargrundvöll hans.

Sigurður Geirdal þingforseti gat þess að þessi tillaga væri að hans dómi hin merkilegasta sem frammhefði komið á þinginu.

Stefán Tryggvason sagði að þarna væri um mjög mikilvægt mál að ræða og það gæti orðið okkur ómetanlegt í framtíðinni að eiga sameiginlega aðstöðu fyrir U.M.S.K. og vinna að

sameiginlegu markmiði. Hann sagði að honum finndist tillagan þó varla raunhæf nú þar sem svo margt væri ógert.

Ólafur Oddsson sagði að ekki væri farið fram á það að þetta skeði á þessu ári en fyrst og fremst væri átt við það að ræða við sveitafélögin í kjördæminu um hugsanlegan styrk. frá þeim til rekst-þarins. Einhver verður að vera til forystu um þetta mál þ.e.a.s. stjórnin.

Una Ragnarsdóttir spyr um aldurstakmörk í sambandi við sumarbúðirnar.

Sigurður Geirdal upplýsti að venjulega væru unglingabúðir ætlaðar fólkis frá aldrinum 6-16 ára, en væru jafnfarmt notaðar undir aðra starfsemi.

samþykkt.

4. tillaga.

52. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmälum til stjórnar sambandsins að hún beiti sér fyrir auknum félagslegum sam-skíptum á milli aðildarfélaganna m.a. með sameiginlegum fundum einstakra félaga, skemmtiferðum, skemmtikvöldum ofl.

samþykkt.

5. tillaga 52. sambandsþing U.M.S.K. beinir því til stjórnar U.M.S.K. hvort hægt sé að stuðla að samvinnu félaga innan sambandsins um félagsmálafræðslu.

samþykkt.

6. tillaga.

52. þing U.M.S.K. beinir því til stjórnar sambandsins að einstakir stjórnarmenn fari á aðal og stjóranrfundi aðildarfélaganna.

Þorvarður Áki Eiríksson sagði að þetta form væri gamalt og að hann væri hissa á að þetta skildi koma núna fram á þessu þingi og væri eins og núverandi stjórn hefði ekki haft hugmynd um að þessi háttur hefði verið hafður á.

það sem Ingvi Guðmundsson sagði að þetta með að flytja tillögur um fáður hafa verið við liði í hreyfingunni, ætti sérhósköp einfalda skýringu, að það væri það mikil af umgu og nýju fólkis væri nú á þinginu og að það væri ekki eðlilegt að þau hefðu sett sig inn í þau mál sem áður hefðu gerst hjá sambandinu.

Páll Aðalsteinsson vildi áréttu það sem Ingvi hefðic sagt og sagði að það væri ekkert nýtt fyrir núverandi stjórn, því að bréf voru send til allra félaga og óskað var að félögin létu vita um aðalfundi og almenna fundi svo að stjórn U.M.S.K. gæti sent fulltrúa á fundið. Hann sagði að þeir í stjórninni hefðu verið búnir að skipta á milli sín hvert þeir ættu að fara.

Sigurður Geirdal vildi bæta því við að þetta væri mjög nauðsynlcgt.

samþykkt.

7. tillaga.

52. þing U.M.S.K. beinir því til stjórnar sambandsins að leita til höfundar sambandsmerkisins eftir hugmynd um einföldun þess og felur stjórninri að annast gerð nýs sambandsfána fyrir landsmótið.

Borvarður Áki Eiríksson spurðist fyrir hvort meiningin væri að breyta fánanum.

Sigurður Geirdal sagði að eftir tillöggunni að dæma væri aðeins um einföldun að ræða vegna kosnaðar við prentun og annars sliks.

Samþykkt með megin þorra atkvæða gegn 2.

8. tillaga.

52. þing U.M.S.K. samþykkir að setja það skilyrði fyrir þátttöku á landsmóti, að þátttakendur klæðist búningum í lit sambandsins.

Tillagan var dregin til baka og borin fram að nýju í breyttu formi.

52. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að leita eftir nýjum og heppilegri sniðum á utanyfir búninga íþróttaiökenda sem þátt taka í landsmóti á vegum U.M.S.K.

Einnig beinir þingið því til stjórnarinnar að hún reyni að stuðla að því að allir íþróttaflokkar/sambands-svæðinu eigiðist búninga í litum sambandsins.

Samþykkt samhljóða,

9. tillaga.

52. þing U.M.S.K. samþykkir að blaðauftgáfu sambandsins verið haldið áfram í sama formi og síðasta árs.

Þingið hvetur félögin til að nota sér tækifærið til að kynna starfsemi sína og sinna dreifingu blaðanna.

Sveina Sveinbjörnsdóttir sagði að ef þessi tillaga ætti að samþykjkast, vildi hún beina því til þingheims að endurskoða sína afstöðu og koma að sjálfstáðum með efnið, en láta ekki draga það upp úr sér og láta ganga á eftir því.

Samþykkt.

10. tillaga.-

52. þing U.M.S.K. skorar á I.S.I. að koma á skipulagðri leiðbeinandafræðslu í grunnskóla I.S.I.

Samþykkt.

Kosningar:

Tillaga kjörnefndar, framsögumaður Grétar Tryggvason.

Formaður Ólafur Oddsson, aðrir í stjórn,	
Páll Apalsteinsson varaformaður,	
Sveina Sveinbjörnsdóttir,	Ingvi Guðmundsson
Þórður Guðmundsson	Július Arnarsson
Sigriður Magnúsdóttir	Brynjar Valdimarsson
Grétar Tryggvason	Margrét Jónsdóttir

Aðrar uppástungur komu ekki, voru þau því rétt kosin.

Varastjórn:

Haraldur Jónsson	Hafsteinn Pálsson
Hulda Finnbogadóttir	Erlingur Þorsteinsson
Steinar Lúðvíksson	Magnús Gíslason
Steingrímur Hildimundarson	Svavar Egilsson
Stefán Tryggvason	Katrín Magnúsdóttir

Endurskoðendur.

Magnús Á. Bjarnason
Álfþór Jóhannsson

Varamenn.

Sigurjón Valdimarsson
Guðjón Hjartarson

Íþróttadómstóll.

Stéfán Ágústsson
Stefán Þórarinsson
Tómas Lárusson

Varamenn.

Þórir Hallgrímsson
Steinar Ólafsson
Ólafur Guðmundsson

Önnur mál.

Samþykkt samhljóða.

Ólafur Oddsson nýkjörinn formaður U.M.S.K. kvaddi sér hljóðs. Hann þakkaði það traust sem honum var sýnt, talaði um stöðu sína sem formaður og þakkaði samstarfsmönnum sínum. Sérstaklega Sveinu. Hann þakkaði þeim sem gengu úr stjórn og bauð hina nýju stjórnarmeðlimi velkomna.

Hann þar upp tvær tillögur.

1. 52. sambandsþing U.M.S.K. felur stjórninni að athuga gaumgæfilega möguleika á húsnæði til reksturs ungmenna og æfingabúðar að Varmá.

Ólafur Oddsson
Stefán Tryggvason
Ingvi Guðmundsson

2. 52. sambandsþing U.M.S.K. beinir því til stjórnar sambandsins að ef ekki takist að koma upp ungmennabúðum á næsta starfsári að stjórnin kvetji þá stjórn U.M.F.I. til að koma upp slikum búðum í þrastaðskógi.

Ólafur Oddsson
Stefán Tryggvason
Ingvi Guðmundsson

Samþykkt samhljóða.

Ingvi Guðmundsson, þakkaði samstarfið á liðnum árum og vonaðsit til að þessi tengsl mundu haldast.

Una Ragnarsdóttir, bauð stjórnina velkomna til starfa. Þakkaði H.K. fyrir góðar móttökur og fyrir fánann.

Þorvarður Áki Eiríksson, Hann þakkaði þinggestum fyrir komuna og bauð stjórnina velkomna til starfa að lokum gaf hann U.M.S.K. og U.M.F.Í. fána H.K. til minningar um þingið.

Jón Guðjónsson formaður H.V.Í., hann sagði að í sínu Héraðssambandi væru 6 starfandi félög og skiptast þau til helminga, 3 íþróttafélög og 3 ungmannafélög. Honum fannst mikil ánægja í að sjá svona mikið af ungum andlitum, og að það hlyti að vera gott fyrir formann sambandsins að hafa svona margar ungar sálir starfandi. Hann sagði að það væri mikill kostnaður í að senda íþróttafólk sitt í keppni vegna fjarðlægðar, og að fótboltinn væri alveg hrein plága. Hann talði um margar nýjar íþróttagreinar sem hefðu verið ræddar á þessu þingi og hann hefði ekki heyrt fyrr um og færi þess vegna fróðari heim. Hann þakkaði H.K. fyrir merkið.

Páll Aðalsteinsson, þakkaði fyrir sitt fólk, þakkaði H.K. fyrir þingið og þinginu fyrir störfin. Hann fjallaði dálitið um mótin og sagði m.a. að mótin hefðu ekki mistekist hjá þátttakendum heldur hjá þeim sem áttu að stjórna, þ.e.a.s. þeim sem komu með þeim á mótin og sagði hann að drengirnir hefðu skammast sín fyrir fullorðnu mennina sem væru með þeim, formennina, þjálfarana og dómarana.

Sigurður Geirdal minntist síðan lítllega á Fossá og sagði, að eitt hvað byrfti að gera ákveðið í þeim málum. Hann þakkaði þingfulltrúm fyrir gott samstarf og samstarfsmönnum sínum einnig. Óskaði hinni nýkjörnu stjórn til hamingju. Þakkaði Jóni Guðjónssyni fyrir komuna.

Þingslit.

Ólafur Oddsson tók undir hvatningaráð ræðumanna og þakkaði starfsmönnum þingsins. Hann tók fram að þingið hefði staðist tímaáætlun upp á mínútu og væri það vel. Hann ræddi um að halda tveggja daga þing til tilbreytingar.

Ólafur þakkaði fyrir H.K. fánannog að lokum sagði hann 52. þingi U.M.S.K. slitið.

